

Mál nr. 55/2007

Kristján Geir Jóhannesson (K)

og

Sjóvá Almennar tryggingar vegna RE 879 (A)

og

Trggingamiðstöðin hf. vegna UN 129 (B)

Árekstur á Höfðabakka 27. mars 2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið 8. mars 2007 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur frá Tryggingamiðstöðinni hf. dags. 26. mars 2007.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður RE 870 (hér nefnd A) ók eftir Höfðabakka. Fyrir framan hann á akrein var bifreið sem ók mjög hægt. Ökumaður A leit því í hliðarspegil og skipti um akrein þar sem hann sá enga bifreið. Ökumaðurinn segist hafa verið að gíra sig upp þegar bifreiðin UN 129 (hér nefnd B) lenti aftan á honum. Ökumaður B segist hafa ekið Höfðabaka á hægri akrein. A hafi verið fyrir framan á vinstri akrein. A hafi síðan skyndilega sveigt yfir á hægri akrein fyrir fyrir framan B og B því lent aftan á A. Síðar framkomin vitni fullyrða um mikin hraða B. Af vitnisburði er þó ljóst að vitnin sáu ekki aðdraganda árekstursins, þ.e. þegar B skipti yfir á vinstri akrein.

Álit.

Eins og gögn málsins liggja fyrir verður að byggja á því að A hafi skyndilega beygt af vinstri akrein yfir á hægri akrein og í veg fyrir B. Framburður vitna þykir ekki nægilega traust sönnun um meintan hraðakstur B.

Niðurstaða.

A (RE 870) ber alla sök.

Reykjavík, 12. apríl 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.